

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhapp-
drætti Sambands íslenskra berklasjúklinga.

1. gr.

1. málsl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmíða er kr. 1200,00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 100,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1984.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 424 12. júlí 1982.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. ágúst 1983.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

4. ágúst 1983

Nr. 605

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Reyðarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 4. ágúst 1983 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Reyðarfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Reyðarfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Jafnframt er úr gildi fellt aðalskipulag Reyðarfjarðarhrepps sem staðfest var af félagsmálaráðherra 29. mars 1976 sbr. auglýsingu nr. 97/1976 í B-deild Stjórnartíðinda.

Félagsmálaráðuneytið, 4. ágúst 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

3. ágúst 1983

Nr. 606

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Húsavík.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur ákveður að leggja gatnagerðargjöld á lóðir í sveitarfélaginu, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir. Heimilt er að leggja gatnagerðargjöld á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.